

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 112/2008

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2008 frá 14. mars 2008 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2008 frá 26. september 2008 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 9a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/205/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„9b. **32006 R 0842**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 6. gr. gilda ekki.“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/381/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21a. **32006 R 0842**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 22.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

Ákvæði 6. gr. gilda ekki.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 842/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.